



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Stofnstyrkur til dagforeldra

Árið 2018 skilaði starfshópur um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavík skýrslu til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Lagðar voru fram tillögur um aðgerðir til úrbóta og hluti þeirra var samþykktur í skóla- og frístundaráði og í kjölfarið á fundi borgarráðs þann 17. janúar 2019.

Á meðal þeirra tillagna sem voru samþykktar, er að veita stofnstyrk til dagforeldra til að ýta undir nýliðun í starfsstéttinni í Reykjavík og til að mæta kostnaði vegna aðlögunar á húsnæði og kaupa á nauðsynlegum aðbúnaði vegna starfseminnar.

Ekki verður hægt að sækja um stofnstyrkinn afturvirk, en lagt er til að frá samþykkt reglanna á árinu 2019, verði hægt að sækja um afturvirk fyrir þá aðila sem uppfylltu skilyrðin eftir 1. janúar 2019.

Á árinu 2019 eru áætlaðar 3,6 milljónir í þetta verkefni og það sem af er ári eru 6 aðilar sem sótt geta um og fengið stofnstyrk.

Reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum

1.gr

Almennt

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Reykjavík til fjögurra ára í fyrsta sinn, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. regnanna fullnægt.

2. gr.

Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send skóla- og frístundasviði á þar til gerðu eyðublaði, sem finna má á vefsíðu sviðsins <https://reykjavik.is/SFS>

3.gr.

Fjárhæð styrks

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 300.000. Um er að ræða eingreiðslu. Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun Reykjavíkurborgar.

4.gr.

Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi til daggæslu barna í fyrsta sinn til fjögurra ára eftir 1. janúar 2019 eiga rétt á stofnstyrk. Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra, sem fá bráðabirgðaleyfi eða endurnýjun á eldra leyfi. Stofnstyrkur er aðeins greiddur hverju dagforeldri einu sinni.
2. Til að eiga rétt á stofnstyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
3. Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk.
4. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði [dagsetningar samþykktar] og í borgarráði [dagsetningar samþykktar]



Umsókn um stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi

Dagforeldri		
Nafn	Kennitala	
Heimilisfang	Póstnúmer	Sími
Daggæsluleyfi fyrst gefið út	Bankaupplýsingar vegna greiðslu styrks (bankanr. – höfuðbók – reikningsnr.)	

Sækir um stofnstyrk vegna daggæslu í heimahúsi.

Reglur um stofnstyrki eru svohljóðandi:

1.gr

Almennt

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Reykjavík til fjögurra ára, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

2. gr.

Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send skóla- og frístundasviði á þar til gerðu eyðublaði, sem finna má á vefsíðu sviðsins <https://reykjavik.is/SFS>

3.gr.

Fjárhæð styrks

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 300.000,-. Um er að ræða eingreiðslu. Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun Reykjavíkurborgar.

4.gr.

Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

- Dagforeldrar, sem fá leyfi til daggæslu barna í fyrsta sinn til fjögurra ára eftir 1. janúar 2019 eiga rétt á stofnstyrk. Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra, sem fá bráðabirgðaleyfi eða endurnýjun á eldra leyfi. Stofnstyrkur er aðeins greiddur hverju dagforeldri einu sinni.
- Til að eiga rétt á stofnstyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
- Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk.
- Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.

Með undirskrift minni staðfesti ég að mér er kunnugt um og felst á ofangreind skilyrði fyrir styrkveitingu stofnstyrks.

Reykjavík _____

Undirskrift